

Reikningsskilaráð ríkisins

43. Fundur – 12. maí 2020 kl. 13:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Björn Þór Hermannsson og Ólafur Hjálmarsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnþogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 42. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2019 og innleiðingaráætlun.

Farið yfir stöðuna og þær breytingar sem hafa verið frá síðasta fundi. Helstu atriði eru:

- Langt er komið með að loka stofnunum og fjárlagaliðum.
- Þeir liðir sem á eftir að loka eru m.a., lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafnar og lífeyristryggingar.
- Verið að klára framsetningu hjá Ríkiseignum.
- Tafir hafa orðið á aðalfundum félaga í eigu ríkisins. Drög hafa verið send með fyrirvara um samþykkt.
- Form að ríkisreikningi liggar fyrir og hefur það verið sent Ríkisendurskoðun til yfirferðar.
- Innleiðingaráætlun, verður formlega staðfest á næsta fundi og hvaða staðla verður óskað eftir heimild til að fresta.

3. IPSAS 22.

Farið yfir drög að íslenskri þýðingu á IPSAS staðli 22 sem fjallar um uppgjör ríkissjóðs. Staðallinn fjallar um general government og gengur út á að við gefum út heildarsamtæðureikning fyrir opinbera aðila. Staðall 22 er víðtækur en ráðið hyggst taka saman stytta útgáfu af honum þar sem tekið verður á lykilþáttum hans. Stefnt er að því að fjallað verði um staðalinn í skýringum með Ríkisreikningi 2019.

4. Erindi til reikningsskilaráðs.

Erindi hefur borist til ráðsins frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Erindið snýr að uppskiptingu Íbúðaláanasjóðs í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Húsnæðissjóð og ÍL-sjóð og hvernig þessar þrjár stofnanir munu flokkast innan A- og B- hluta. Rætt var um erindið og næstu skref. Ráðið mun hefja vinnu við erindið á milli funda og kynna stöðuna á næsta fundi.

5. Önnur mál

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 14:30

Næsti fundur fimmtudaginn 4. júní kl. 13:00